

Mál nr. 45/2011

M
og
váttryggingafélagið X ábyrgðartryggingar eiganda fasteignar
og
váttryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Vatn lak inn í kjallara húss eftir að heimæð í húsi við hliðina gaf sig.

Gögn.

- 23. Málskot, móttakið 7.2.2011, ásamt fylgigögnum.
- 24. Bréf X, dags 15.2.2011.
- 25. Bréf Y, dags. 25.2.2011.

Málsatvik.

Þann 12.8.2010 lak vatn inn í kjallara á heimili M að S-götu 33 í sveitarfélaginu A með þeim afleiðingum að tjón varð á fasteigninni og ýmsir innbúsmunir urðu fyrir skemmdum. Í ljós kom að kaldavatslögn að næsta húsi við hliðina, S-götu 35, hafði sprungið og vatn flætt undir bílskúrsgrunn að S-götu 33 og þaðan inn í kjallara hússins. M fékk greiddar hámarksbætur úr innbúskaskótryggingu hjá sínu váttryggingafélagi vegna innbústjónsins. Að öðru leyti hefur tjónið ekki fengist bætt. Málátalbúnað M ber að skilja svo að hún freisti þess að fá tjónið, að því marki sem það er óbætt, bætt úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar húseiganda S-götu 35 hjá váttryggingafélaginu X og ábyrgðartryggingu A hjá váttryggingafélaginu Y, en X og Y hafa hafnað bótaskyldu úr umræddum ábyrgðartryggingum.

Álit.

Ekkert bendir til þess að vatnslögnin að S-götu 35 hafi gefið sig vegna vanrækslu eða annarrar saknæmrar háttsemi af hálfu húseigandans. Hann hefur því ekki bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar hans hjá X. Heimtaug sú sem hér á í hlut mun hafa verið lögð fyrir 1. janúar 1992 og hafði ekki verið endurnýjuð þegar tjónið varð. Hún var því í eigu húseiganda en ekki sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Með vísan til þessa og atvika málsins að öðru leyti verður ekki séð að A beri ábyrgð á óbættu tjóni M. Tjónið fæst því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins hjá Y.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu húseiganda S-götu 35 hjá X. Tjónið bætist heldur ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá Y.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.